

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afrýjandi, firmað Guðmundsson & Ellis, greiði Jóni Jónatanssyni fyrir hönd kaupfélagsins »Ingólfur» 40 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Ár 1914 mánudaginn 30. nóv. var í landsyfirdóminum í málinu 42/1914

Firmað Guðmundsson & Ellis
 gegn
 Hallgrími Benediktssyni

uppkveðinn svofeldur

Dómur:

Í júlímánuði f. á. gerðu aðilar þessa máls, áfrýjendur firmað Guðmundsson & Ellis og stefndi Hallgrímur Benediktsson umboðssali samning um kaup á hvíttri vorull; voru samningsatriðin ákveðin og staðfest í bréfi stefnda til áfrýjanda dagsett 24. s. m., sem hér segir: »Stefndi selur áfrýjendum 50—60 balla af prima, vestfirzki hvíttri, þveginni vorull frá Búðardal á kr. 1.82 pr. kíló, nettó fob Búðardal. Ballar eru innifaldir í verðinu. Ullin sé vegin upp og metin af þar til kvöddum óvilhöllum mönnum, er sýslumaður útnefnir og skulu þeir gefa vottorð um gæði og vigt ullarinnar. Greiðsla fer fram í

Reykjavík við annan hvorn bankann, eftir vild yðar (of áfrýjenda) gegn afhendingu hleðsluskýrteinis, mats- og vigtaraðils«. Hina umsömdu ull hafði stefndi keypt af kaupfélagi Hvammsfjarðar, og var hún vegin og metin daginn eftir, 25. júlí, eins og samvingurinn segir fyrir, af tveimur mönnum tilnefndum af sýslumanni; er í vottorði þeirra ullin talin vera 3738 kilo að þyngd í 58 böllum, og um gæði hennar votta matsmennirnir, »að í öllum greindum 58 böllum er vel þvegin og þur þríma hvít vorull«. Orðin »velþvegin« skýrðu matsmennirnir svo, er þeir staðfestu matsgerðina fyrir rétti, að með því hafi þeir átt við, »að ullin væri vel þvegin eins og venjulega gerist með verzlunarull«. Ullina létu áfrýjendur flytja til Reykjavíkur og greiddu þar 29. s. n. umsamið verð fyrir hana kr. 6803.16 gegn afhendingu hleðsluskýrteinis, mats- og viktarseðils fyrgreindra matsmanna. En er áfrýjendur athuguðu ullina, þóttust þeir sjá, að hún væri eigi svo vönduð að verkun, sem um hefði verið samið; fengu þeir næsta dag, 30. júlí 2 hæfa menn tilnefnda af bæjarfógetanum í Reykjavík til að skoða ullina og meta hana upp aftur. Í matsgerð þessara manna, dags. 1. ágúst f. á. er svo talið, að ullin sé »öll óaðgreind, því að í hverjum sekk var ull með skarnkögglum, ull með lyngi og grasrusli og ennfremur flókar innan um aðrar betri ullartegundir«, og ennfremur segir þar: »Við teljum það mjög aðfinsluvert að setja nr. 1 á slíka ull, því að þegar hún er ekki aðgreind, getur hún ekki talist ull nr. 1«. Verkun á ullinni er talin lík ullarþvotti sunnanlands, þó sérstaklega lakleg á ullinni í 16 pokum af 58, er öll ullin var í. Með þessari matsgerð þótti áfrýjendum sannað, að ullin væri eigi svo vönduð vara, sem áskilið var í samn-

ingnum, og vildu því fá kaupunum rípt og kaupverðið endurgreitt. Þetta tilkynntu þeir stefnda með bréfi dags. 2. ágúst f. á., og er hann sinti því ekki, höfðu þeir mál þetta gegn honum á bæjarþingi Reykjavíkur til endurgreiðslu á kaupverði ullarinnar með vöxtum, svo og kostnaði og ágóðanissi, samtals kr. 7023.99. Var málið dæmt þar 12. marz þ. á. og stefndi sýknaður af kröfum áfrýjenda og málskostnaður látinn falla niður.

Dóm þessum hafa áfrýjendur skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 5. sept. þ. á., og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 7023,99 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir þaðum réttum að skaðlausu. En stefndi krefst að dómurinn verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Stefndi telur þær ástæður til þess, að hann eigi að vera sýkn í málinu, að hann hafi að öllu leyti fullnægt samningnum, og að áfrýjendur hafi viðurkent það með því að greiða andvirði ullarinnar og taka við mats- og vigtarseðlum frá matsmönnum í Búðardal mótmælalaust, en það sé mat þessara manna, sem fara beri eftir samkvæmt samningnum, og það mat sýni, að ullin hafi verið fullnægjandi vara í alla staði eftir því sem áskilið var og lofað. En Reykjavíkurmátið á ullinni 1. ág. f. á. sé þar á móti þýðingarlaust og stefnda með öllu óviðkomandi.

Áfrýjendur telja það hinsvegar eins og áður er sagt, sannað með síðarnefndu mati, að ullin hafi ekki verið 1. flokks eða prima vara, og þó að þeir hafi mótmælalaust greitt andvirði hennar og tekið við mats- og vigtarskríteininu þá hamli það samkvæmt 62. gr. alm. viðskifta-

laga 11. júlí 1911 þeim ekki frá að rannsaka ullina og láta meta hana, þegar hún kom á viðtökustað. En matið í Búðardal halda áfrýjendur fram að sé ógilt, af því að matsmennirnir hafi eigi verið óvilhallir né bæfir til að dæma um ullargæði.

Það verður nú að líta svo á, að það hafi verið beint samningsatriði milli málsaðila, er þeir gerðu kaup um ullina, að dómur matsmanna þar á staðnum, er varan var afhent, skyldi vera einhlýtur um gæði ullarinnar, og að stefndi hafi eigi skuldbundið sig til að selja áfrýjendum aðra né betri ull en þessir menn teldu prima vöru, vel þvegna, og þó að þeir miðuðu mat sitt um þvott á ullinni við það er venjulega gerist um verzlunarull, þá virðast áfrýjendur eigi hafa átt kröfu til að þeir legðu strangara mat á hana. Þar sem sýslumaður tilnefndi matsmennina, verður að gera ráð fyrir, að hann hafi kosið til þess hæfa menn og óvilhalla; vefenging áfrýjenda í þessu efni getur því eigi komið til greina gegn mótmælum stefnda. Matsgerðin frá Búðardal verður þá að teljast gild að forminu til, enda virðist það viðurkent af áfrýjendum, er þeir tóku við henni mótmælalaust, og að efninu til er matsgerðinni eigi hnekt með hinu seinna mati í Reykjavík, er eigi var yfirmat og gat því eigi felt hitt úr gildi. Það leiðir af þessum málavöxtum, að 62. gr. alm. viðskiftalaga getur eigi komið hér til álita sbr. 1. gr. laganna.

Með því að stefndi þannig telst hafa fullnægt kaupsamningnum verður að sýkna hann af kröfum áfrýjenda í máli þessu eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, og ber að staðfesta dóm þennan, einnig ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Áfrýjendur firmað Guðmundsson & Ellis greiði stefnda Hallgrími Benedikssyni 25. krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Ár 1914, mánudaginn 7. des., var í landsyfirréttinum í málinu 22/1914

Lyder Höydal
 gegn
 Jóni Laxdal
 fyrir hönd
 Jakobs Gunnlögssonar.

kveðinn upp svofeldur

Dómur:

Mál þetta höfðaði gagnáfrýjandi Jón Laxdal kaupmaður í Reykjavík f. h. Jakobs Gunnlögssonar stórkaupmanns í Kaupmannahöfn gegn aðaláfrýjanda, Lyder Höydal, kaupmanni í Vestmannaeyjum, fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu 5. s-pt. 1912, til greiðslu á skuld, að